

Breiðholtsblaðið

Dreift frítt í öll hús í Breiðholti

JÚLÍ 2016

7. tbl. 23. árg.



**PANTAÐU Á
DOMINOS.IS**

DOMINO'S APP SÍMI 58 12345



Þessar glöðu stelpur eru í sjötta flokki Leiknis í knattspyrnu og tóku þátt í Símamótinu á dögnum þar sem þessi mynd var tekin. Sjá nánar á bls. 14.



Sveinsbakari

Hólagarði og Arnarbakka

Opið allan sólarhringinn

í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka



Iceland



**Slökkvitækja-
þjónustan**

564 1433

Bakkabraut 16 • 200 Kópavogur

Fyrir heimili - húsfélög - fyrirtæki
Úrval slökkvitækja. Leitið tilboða!



RÉTTSKIL
BÓKHALDSSKRIFSTOFA

Ársreikningar Skattframtöl
Launaútreikningar o.fl.

Sími: 6600583 • 6966714
Rettiskil.is

Þú kemst alltaf
í bankann á L.is

Landsbankinn

landsbankinn.is

410 4000



ÓDÝRARI LYF Í
HÓLAGARÐI

 **Apótekið**
-einfalt og ódýrt

Opið: Mán-fös: 10.00 -18.00 • Lau: 10.00 -14.00



Grillum í sumar!



Kjötborð í
algörum
sérflokki



Bin verslun
Seljabraut

Breiðholtsblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.

Eiðistorgi 13-15 • 172 Seltjarnarnes • Pósthólf 171

Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími 551 1519 • 893 5904

Netfang: thordingimars@gmail.com

Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

Heimasíða: borgarblod.is

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Landsprent ehf.

7. tbl. 23. árgangur

Breiðholtsblaðið er dreift frítt í öll hús í Breiðholti

Ellefu þúsund íbúar á Ártúnshöfða í framtíðinni

- tengir Breiðholt, Árbæ, Ártúnsholt, Ártúnshöfða og Grafarvog í nær samfellda byggð

Allt að ellefu þúsund manns munu búa á Ártúnshöfðanum í framtíðinni ef hugmyndir um stofnun þróunarfélags um uppbyggingu og breytingar á landnýtingu Ártúnshöfða ganga eftir en þær voru kynntar á fundi með lóðarhöfum nýlega. Hugmyndirnar ganga út á að Ártúnshöfði breytist úr hreinni atvinnubýggð yfir í blandaða byggð íbúða og atvinnuhúsnæðis auk þess sem gert er ráð fyrir stækkun landsins til norðurs á landfyllingum.

Í hugmyndunum er gert ráð fyrir uppbyggingu íbúðarhúsnæðis og innviða í byggðinni fyrir allt að 11.500 manns. Fjöldi íbúða gæti því orðið um 5.100 miðað við eðlilegt margfeldi fólksfjölda út frá fjölda og stærð íbúða. Meirihluti þessara íbúa eða allt að 4.100 eru á reitum sem skilgreindir eru fyrir íbúðabyggð en um þúsund íbúðir yrðu í blandaðri byggð. Uppbyggingin mun einnig tengjast nýrri borgarlínu á samgönguás frá vestri til austurs.

Eitt mikilvægasta svæðið í Reykjavík á skipulagstímabilinu

Sigurður Björn Blöndal formaður borgarráðs sagði í kynningu sinni á fundi með hagsmunaaðilum að Elliðaavogur og Ártúnshöfði væri eitt mikilvægasta svæðið í Reykjavík á þessu aðalskipulagstímabili og nú væri komið að næsta áfanga í þróun þess. Fyrir lægi að vinna rammaskipulag og síðan deiliskipulag og á grundvelli þeirrar skipulagssamkeppni um svæðið sem Reykjavíkurborg stóð fyrir. Samkvæmt skipulagshugmyndum er rætt um allt að 780 þúsund fermetra svæði og þar af eru um 500 þúsund fermetrar fyrir



Séð yfir Ártúnshöfðann. Bryggjuhverfið og Gullinbrúin til vinstri og lengra til vinstri má sjá yfir í Grafarvoginn.

nýjar íbúðir eða rúmar 5000 nýjar íbúðir eins og áður segir.

Reykjavíkurborg hefur sett sér sanningsmarkmið vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar og þróunar þéttingarsvæða við Elliðaárvog – Ártúnshöfða voru samþykkt í borgarráði 27. nóvember 2014. Í tilkynningu frá borginni segir að markmiðin séu í samræmi við aðalskipulag Reykjavíkur 2010 til 2030 þar sem áhersla er lögð á fjölbreytileika í stærð og gerð íbúða; á gæðasvæði og gott umhverfi; sem og á að varðveita staðaranda og yfirbragð byggðar. Í tilkynningu Reykjavíkurborgar segir einnig að til greina komi að hluti byggingarréttaríbúðarhúsnæðis sem skilgreindur verði á svæði félagsins í deiliskipulagi verði til ráðstöfunar hjá Reykjavíkurborg og að byggingarréttur Reykjavíkurborgar eigi að dreifast sem jafnast um allt skipulagssvæðið til að tryggja félagslega blöndun.

Áhersla á fjölbreytni og gæði

Samningsmarkmið Reykjavík-

urborgar vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar og þróunar þéttingarsvæða við Elliðaárvog – Ártúnshöfða voru samþykkt í borgarráði 27. nóvember 2014. Í tilkynningu frá borginni segir að markmiðin séu í samræmi við aðalskipulag Reykjavíkur 2010 til 2030 þar sem áhersla er lögð á fjölbreytileika í stærð og gerð íbúða; á gæðasvæði og gott umhverfi; sem og á að varðveita staðaranda og yfirbragð byggðar. Í tilkynningu Reykjavíkurborgar segir einnig að til greina komi að hluti byggingarréttaríbúðarhúsnæðis sem skilgreindur verði á svæði félagsins í deiliskipulagi verði til ráðstöfunar hjá Reykjavíkurborg og að byggingarréttur Reykjavíkurborgar eigi að dreifast sem jafnast um allt skipulagssvæðið til að tryggja félagslega blöndun.

Breiðholt Festival

Breiðholt Festival verður haldið öðru sinni í Seljahverfi í næsta mánuði. Að hátíðinni stendur ungt og hugmyndafrítt fólk sem hefur komið sér fyrir á fríðsælum stað í byggðinni og unnið að listum og menningu – ekki bara á heimavísu heldur mikið fremur á heimsvísu. Valgeir Sigurðsson tónlistarmaður hefur starfrækt hljóðverið Gróðurhúsið í Breiðholti í vel á annan áratug og hljómplötuútgáfuna Bedroom Community frá árinu 2006. Sigríður Sunna Reynisdóttir brúðuleikhús- og sviðslistamaður starfrækir síðan VaVaVoom leikhúsið í Vogaselínu.

Með Breiðholt Festival vilja þau í fyrsta lagi kynna þá starfsemi sem fram fer í Vogaselínu og miðla Breiðhylltingum og öðrum af því sem þau eru að fást við. En einnig að miðla þeirri sköpun og þeim styrk sem Breiðhylltingar eiga. Þau vilja ná til sem festra innfæddra sem nýbúa að þessu leyti en Breiðholtið er eitt öflugasta fjölmennigarsvæði Reykjavíkur.

Það er von að sem flestir leggi leið sína í Vogaselíð, gamla Alaskadalinn og nærliggjandi svæði þar sem viðburðir Breiðholt Festival munu fara fram þann 14. ágúst næst komandi.

Enginn túrismi

Laugardagur í Breiðholtinu. Fáir eru á ferli. Varla unglingskjátu að sjá á rölti í Mjóddinni svo gripið sé til orðfæris Halldórs Laxness. Gildir einu þótt verslanir séu opnar. Gerðuberg er lokað en Gamla Kaffihúsið í Fellunum býður bæði gott kaffi og meðlæti. Fólk er farið í frí. Sumir hvíla sig ef til vill heima.

Straumur ferðafólks sem fer um Miðborgina og nágrenni hennar til austurs og vestur lætur Breiðholtið ósnortið eins og önnur ytri hverfi í austurhluta borgarinnar og einnig sveitarfélögin sunnan hennar. Þaðan hafa heyrst raddir um að ekkert af þeirri tekjuköku sem hinn nýi atvinnuvegur skapar komi þangað.

Nú er það svo að takmörk geta verið fyrir hversu vel íbúðabyggð og ferðaþjónusta fara saman. Á meðan sumt fólk vill líta til ferðaþjónustunnar sem tækifæra eru aðrir sem telja hana einungis til átroðnings. Bæði þessi sjónarmið þarf að virða eins langt og unnt er. En á meðan landsbyggðin sækist fast eftir aukinni ferðaþjónustu sem skapar bæði atvinnu og tekjur er stór hluti höfuðborgarsvæðisins næstum eða alveg fyrir utan þennan atvinnuveg. Þar er engin túrismi.

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi ÚTFARARÞJÓNUSTA SÍÐAN 1996

Vaktímar: 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is • Allan sólarhringinn

Sverrir Einarsson Kristín Ingólfssdóttir Hilmar Erlendsson

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

T&G Tölvur og gögn ehf. PC & Mac

þekking og reynsla

Persónuleg og traust tölvuþjónusta í Mjódd

erum í sama húsi og Íslandsbanki.

Parabakki 3, Mjódd
109 Reykjavík
Sími: 696-3436
www.togg.is

Breiðholt Festival

Tónlist:

Hermigervill
Daníel Bjarnason
Pascal Pinon
asdfgh
JFDR (Jófriður Ákadóttir)
Jodie Landau
Paul Corley

Kórar:

Kórus
Gerðubergskórinn

Myndlist:

Lóa Hjálmtýsdóttir
Halla Birgisdóttir
Ragnheiður Harpa

Vinnustofur:

Ragnheiður Maísól - Smáholt
FabLab

Plötusnúðar:

Þorsteinn Eyfjörð

Aðrir viðburðir:

Sundlaugar Zumba
Andlitsmálning
Markaðir

...og fleira!

14. ágúst 2016



Klukkan 13:00 í Skúlpúrgarðinum Ystaseli • 109 Reykjavík

breidholtfestival.com
[facebook/breidholtfestival](https://facebook.com/breidholtfestival)



VIÐTALIÐ

Harmóníkan er hljóðfæri fjölbreytileikans

Jónas Ásgeir Ásgeirsson vakti athygli sem einn af fjórum ungum einleikurum með Símfóníuhljómsveit Íslands í Hörpu á liðnum vetri. Ef til vill væri það vart í frásögur færandi nema að Jónas hefur valið sér fremur óvenjulega leið í tónlistarnámi sínu. Hann hefur stundað nám í harmóníkuleik frá unga aldri og stundar nú framhaldsnám við Konunglega tónlistarháskólann í Kaupmannahöfn. Hann er einnig meðlimur í harmóníkutríóinu Ístrió ásamt þeim Helgu Kristbjörgu Guðmundsdóttur og Jóni Þorsteini Reynissyni en þau stunda öll framhaldsnám við sama skóla. Jónas er Breiðhyltingur sonur hjónanna Ásgeirs Jónassonar og Ásdísar Hinriksdóttur sem búa í Seljahverfinu. Jónas er fæddur 1993 og hóf tónlistarnám níu ára gamall í Tónskóla Eddu Borg undir handleiðslu Guðmundar Samúelssonar og útskrifaðist þaðan vorið 2013 en eftir það lá leið hans til Kaupmannahafnar. Jónas spjallar við Breiðholtsblaðið að þessu sinni.

„Ég er algerlega innfæddur Breiðhyltingur og hef átt heima í sama húsinu frá því að ég kom í heiminn þar til að ég flutti til Danmerkur haustið 2014,“ segir Jónas brosmildur þegar hann hefur sest niður með tíðindamanni á Gamla kaffihúsinu við Eddufell sem var áður heimkynni Breiðholtsbakarís. „Foreldrar mínir komu sér upp heimili í Seljahverfinu þegar þau fluttu utan af landi og hófu búskap árið 1980. Móðir mín er frá Grundarfirði en faðir minn frá Siglufirði. Ég er fæddur 1993 og er því kominn nokkuð langt frá dreifbýlinu ef þannig má að orði komast. Ég gekk í Ölduselsskólann – ágæt skóla en skrapp síðan aðeins af bæ á daginn og fór í MR ásamt nokkrum fleiri krökkum úr hverfinu.“

Jónas segir gott að hafa verið strákur í Breiðholti. „Ég kunní alltaf vel við mig. Ég ólst upp í nágrenni við náttúruna en þó án þess að búa við strjálbýli. Ég átti því alltaf nokkuð af vinum og kunningjum. Það var ekki mikið umferð og rýmið varð til þess að við gátum notið okkar að vera krakkar. Við þurftum ekki annað en að labba yfir næsta hól og voru þá komin á Rjúpnahæðina svo dæmi sé tekið.“

Mér fannst mig vanta tilbreytingu

En svo ákvaðstu að skella þér út. „Já – ég gerði það. Ég stóð á tímamótum í náminu og fannst mig vanta einhverja tilbreytingu. Hótel mamma er afskaplega gott hótél og foreldrar mínir studdu mig afskaplega vel þegar ég ákvað að halda út á framhaldsnámsbrautina.“ Þarna varstu á tímamótum í tónlistarnáminu en af hverju varð harmóníkan fyrir valinu á sínum tíma. Íslendingar eru ekki vanir að velja hana sem klassískt hljóðfæri. Í þeirra hugum



Jónas Ásgeir ásamt þeim Helgu Kristbjörgu Guðmundsdóttur og Jóni Þorsteini Reynissyni en þau stunda öll framhaldsnám við sama skóla og starfrækja einnig harmóníkutríó sem þau nefna Ístrió.

tengist hún fremur þjóðlaga- og dægurmenningu. „Það er alveg rétt. Íslendingar hafa litið hana þeim augum fremur en hinum klassísku en hún er notuð sem klassískt hljóðfæri víða um heim. Hún býr yfir mjög fjölbreyttum möguleikum til túlkunar. Eftir því sem maður stúðerar hana betur koma þessir eiginleikar meira í ljós. Ég hugsa að ég hafa valið hana í fyrstu af því mér fannst ég þurfa að vera öðruvísi en aðrir – gera eitthvað annað en þeir sem voru að læra á píanó eða á fiölu. Svo kom Guðmundur til sögunnar. Guðmundur Samúelsson var kennarinn minn í mörg ár við skólann hjá Eddu Borg. Hann hafði mikla ástríðu fyrir harmóníkunni og hélt manni ágætlega við efnið allan tímann. Jú – ég hef stundum verið spurður að þessu. Af hverju ég hafi valið þessa leið og svarið er alltaf það sama. Ég fékk þessa ástríðu. Kannski að hluta til frá Guðmundi. Hann sagði að ef ég færi að læra harmóníkuleik í háskóla þá yrði ég heimsfrægur. Svo var maður kominn út í þetta. En ég hef lært margt af þessu námi. Haft kynni af ýmsum þjóðarbrotum. Tónlistarheimurinn er víðfeðmur og harmóníkutónlist kemur víða að. En í raun er hægt að leika hvað tónlist sem er á hana. Allt frá slögurum upp í háklassísk.“

Háklassískt hljóðfæri

Nú stefnir Jónas á að ljúka BA



Jónas Ásgeir Ásgeirsson með harmóníkuna.

prófi á næsta ári og þá ráðgerir hann að mastersnámið taki við. „Þetta er alla vega ætlunin í dag og ég vona að mér takist það. Við erum líka að vinna saman – þrjú skólasystkini öll héðan að heiman. Erum með tríóið Ístrió og höfum verið að halda tónleika hér að undanfögnu. Fyrst norður í Skagafirði – í kirkjunni á Miklabæ og svo í Hörpu um daginn.“ En kemur fólk á óvart hvað þau eru að spila. „Já – hugsanlega. Við höfum reynt að hafa efnisskrána nokkuð fjölbreytta. Við höfum leikið lög í rytmískum popstíl og einnig lög í frönskum og baltneskum stíl. Nútímaverk frá

Finnlandi til að brjóta dagskrána aðeins upp en Finnir standa mjög framarlega í harmóníkuleik og svo var sónata eftir Johan Sebastian Bach. Með henni vildum við kynna harmóníkuna sem háklassískt hljóðfæri þegar því er að skipta.“

Tengd við danstónlist fyrri tíma

Framabraut og heimsfræg kunna að leynast handan við hornið að háskólanámi og tónleikahaldi loknu en hugsar Jónas og þau sér að koma og spila á Íslandi. „Já – það ætlum við að gera. Við ætlum okkur bæði að

halda í ímynd og arfleifð íslensku polkanna en einnig að kynna harmóníkuna sem þjóðlagahljóðfæri og sem klassískt hljóðfæri fyrir Íslendingum. Þeir hafa lengi tengt hana við danstónlist – einkum danstónlist fyrri tíma. Gömlu sveitaballatónlistina. Hún hvarf síðan dálítið af sjónarsviðinu þegar gítarhljómsveitirnar komu fram – einkum rafgítarinn og svo kom hammondorgelið og hljóm-borðið í framhaldinu. En ég vil meina að harmóníkan standi áfram fyrir sínu. Hún er hljóðfæri fjölbreytileikans.“

Verk að vinna hér heima

En að lokum. Reynir harmóníkuleikur ekki talsvert á líkamann. Harmoníkuleikarinn þarf að gera margt í einu. „Að spila á harmonikkuna reynir verulega á líkamann. Harmoníkuleikarinn þarf að framkvæma nokkrar aðgerðir á sama tíma og því þarf að þjálfa nokkuð marga vöðva til þess að ná góðum tókum á þessu. Og það er ekki sama hvernig það er gert. Það fer alveg eftir því hvaða tónlist er verið að spila. Þetta er því nokkur alhliða þjálfun. Okkur langar til þess að vinna meira að kynningu á harmóníkuni sem alhliða hljóðfæri. Þess vegna hyggjum við á frekara tónleikahald hér á landi – einkum að náminu loknu. Það er heilmikið verk að vinna hér heima að því leyti.“



Fleiri umsóknir um nám við FB

Aukin aðsókn er að Fjölbrautaskólanum í Breiðholti því alls sóttu 207 grunnskólanemenda um nám við skólann næsta skólaár samþykktar.

Þetta er um 16% fjölgun frá fyrra ári þrátt fyrir að færri einstaklinga séu í þessum árgangi að þessu sinni. Búið að innrita 228 eldri nemendur til náms við skólann þannig að alls hefja 435 nýir nemendur nám við skólann í haust.



Hólahverfið í Breiðholti.

Um 9% hækkun íbúðaverðs

... íbúðaverð í Breiðholti hækkaði um allt að 16%

Íbúðarverð á höfuðborgarsvæðinu hefur hækkað um allt að 10 þúsund krónur á fermetra á milli ára eða allt að 9% á síðasta ári. Meðaltalsverð á íbúðarhúsnæði það sem af er ári er 39,6 milljónir króna, 2,2 milljónum hærra en á síðasta ári og 4,8 milljónum hærra en árið 2014, sé miðað við fast verðlag.

Viðskipti með íbúðarhúsnæði námu tæpum 260 milljörðum króna á síðasta ári og jukust um ríflega 24% frá árinu 2014. Það ár hafði velta aukist um 14 prósent frá árinu 2013 þannig að

um umtalsverð aukin viðskipti og hækkun íbúðaverðs er að ræða. Breiðholtið er ekki undanskilið að þessu leyti vegna þess að fasteignaverð þar hækkað um tæp 16% á liðnu ári sem er mikil breyting frá liðnum árum þegar ekki var mikil eftirspurn eftir íbúðum í borgarhlutanum. Meðalkaupverð seldra fasteigna

í fjölbýli í Efra Breiðholti var 15,9 prósentum hærra á fjórða ársfjórðungi 2015 en það var á sama ársfjórðungi 2014. Meðalhækkun á mati íbúðarhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu er 9,2%. Matið hækkar mest í Bústaðarhverfi eða um 20,1% og um 16,9% í Fellunum og um 16,3% í Réttarholti.

www.breiðholt.is

NYJAR VÖRUR!
Sumarútsala
20 til 70% afsláttur

SÚPSER SÓL / NOON HÁRSTOFA Ópið:
 Hólmasel 2, 109 Reykjavík Mán - Fös 10 - 22
 S: 567 2077 - 587 0077 Laugard 10 - 18



Nú er tími krabba & ljóna!



NÝTT Í SYSTRASAMLAGINU

OMNI ONE er einstök blanda Curcumin og Boswellia Serrata eða Frankinsence olíu úr smiðju Gísla Arnars Lárussonar.

OMNI TWO er einstætt form af túrmerik (curcumin) þ.e. munnsogstöflur. Hið fyrsta sinnar tegundar á markaðnum.

MÖNTRU ARMBÖND – vinsælasta sumarskartið

Silfruð, gyllt, rósagull.
Einstakt veganesti út í lífið.

Líka á karlmenn.
Verð: 6.500/7500 kr.



LÍFRÆNN ESPRESSÓBAR!

Líka súrdeigssamlukur, þeytingar, Acai skál, chiagrautar, croissant, kökur og margt, margt annað.

Alltaf úr besta hráefninu.

SUÐURSTRÖND 10, SELTJARNARNESI

Ný heimasíða: www.systrasamlagid.is
www.facebook.com/Systrasamlagid
 Sími: 511 6367

AFGREIÐSLUTÍMI:

Mjúkir mánudagar: 10 - 18.
 Þri. - fös.: 9 - 18.
 Laugardagar: 10 - 16.


Bygging World Class enn á byggingarstigi

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri og Björn Leifsson, framkvæmdastjóri World Class skrifuðu í febrúar 2014 undir samning um byggingu og rekstur líkamsræktarstöðvar við Austurberg í Breiðholti. Samningurinn byggir á samþykkt borgarráðs á fundi sínum 7. febrúar 2013 og tillögu borgarstjóra þess efnis að hefja undirbúning við að koma upp líkamsræktarstöð við Breiðholtslaug. Gert var ráð fyrir að stöðin myndi opna í janúar eða febrúar á þessu ári en nú hálfu ári síðar er húsnæðið enn á byggingarstigi.



Húsnæði World Class við Austurberg er enn á byggingarstigi hálfu ári eftir að áformað var að opna stöðina.

Undirbúningur að byggingu líkamsræktarstöðvarinnar á sér allnokkurn aðdraganda og hefur staðið yfir frá árinu 2009. Fljótlega komust menn að því að hentugast væri að byggja hana við Breiðholtslauginna, í tengslum við aðra íþróttastarfishöfð á svæðinu og í samvinnu við einkaaðila. Fljótt kom í ljós að erfitt myndi vera að hrynna svo stóru verkefni af stað í því efnahagsástandi sem var á þeim tíma eftir bankahrunið 2008. Var þá kannað hvort koma mætti upp líkamsræktarstöð til bráðabirgða í kjallara Breiðholtslaugarinnar en hún var fljótlega slegin út af borðinu einkum vegna þess að lofthæð í kjallaranum var ekki talin nægjanleg. Árið 2012 kom síðan fram ný tillaga um að byggja sjálfstætt húsnæði fyrir stöðina.



Svona mun líkamsræktarstöðin við Austurberg líta út full byggð.

Enn á byggingarstigi

Tveir aðilar lýstu yfir áhuga á verkefninu: Actic Island ehf., rekstraraðili Gym heilsu, og Þrek ehf., rekstraraðili World Class. Sérstakur matshópur á vegum Reykjavíkurborgar ákvað síðan að velja Þrek ehf. til að vinna áfram

að þróun hugmyndarinnar og að gerður skyldi sérstakur samningur við fyrirtækið þar að lútandi. Gert var ráð fyrir að framkvæmdir við nýbyggingu yrðu boðnar út samhliða útboði á þeim breytingum sem gera þyrfti á þjónustubyggingu Breiðholtslaugar. Samningurinn við Þrek er um að félagið byggja og reki

líkamsræktaraðstöðuna en Reykjavíkurborg byggir glerganginn með fram íþróttahúsinu. Samkvæmt samningnum myndi Þrek greiða

75 milljónir króna fyrir byggingarréttinn, gatnagerðargjöld og afnot af bílastæðum.

ALLTAF FULLT BORD AF FERSKUM FISKI OG FISKRÉTTUM

Opið alla virka daga kl. 9 – 18:30.



Þú ferð lengra með **SagaPro**
Vinsæl vara við tíðum þvaglátum

20% afsláttur*
Í öllum helstu apótekum og heilsvöruverzlunum.

* Gildir til 11. ágúst.

SAGA MEDICA

Allt fullt af flottum föskum á frábærum verðum

- Mikið úrval af skóla-föskum á góðu verði
- Ný sending af ferða-föskum



Mjódd

Mjódd • S: 571 3411

Breiðholt Festival verður haldið í ágúst

Breiðholt Festival verður haldið sunnudaginn 14. ágúst og fer hátíðin fram í skúlptúrgarðinum við Ystasel og næsta nágrenni í hjarta Seljahverfisins. Þetta er í annað sinn sem efnt er til þessarar hátíðar en að henni standa þau Sigríður Sunna Reynisdóttir, leikhúlistamaður og Valgeir Sigurðsson, tónlistarmaður ásamt Megan Horan sem er framkvæmdastjóri hátíðarinnar. Breiðholtsblaðið leit til þeirra í kaffispjall á dögunum.

Þau segja að markmið með Breiðholt Festival sé einkum tvíþætt. Annars vegar að vekja athygli á þeim fjölmörgu listamönnum sem tengjast Breiðholti og kynna þá listsköpun sem fer fram í hverfinu. Hins vegar vilji þau bjóða íbúum hverfisins að njóta menningarviðburða innan göngufæris við heimabyggð sína. „Við viljum einnig kynna nágrennið okkar í gegnum það sem við erum að gera auk þess að kynna listafólk og sköpun þess.“ segja þau. Göturarnar sem liggja að skúlptúrgarði Hallsteins Sigurðssonar myndhöggvara voru sérstaklega skipulagðar á sínum tíma fyrir listafólk sem hafði áhuga á að sambyggja íbúðarhúsnæði og vinnustofur. Þekkt listafólk fékk úthlutað lóðum og má auk Hallsteins, sem enn býr og starfar við Ystasel, m.a. nefna Einar Hákonarson, listmálara, Ingunni Eydal, myndlistarmann, Örn Þorsteinsson, myndhöggvara, Sigurð G. Tómasson, fjölmiðlamann og Steinunni Bergsteinsdóttur, hönnuð sem nú hafa fært sig um set auk fleira listafólks.

Vinnustofur fyrir listamenn, hljóðver og útgáfustarfsemi

Gróðurhúsið og Bedroom Community hafa starfsemi sína í Vogaseli en um hvað er að ræða. Valgeir festi kaup á húsinu af Ingunni Eydal fyrir allnokkrum árum og nú hafa þau breytt því verulega frá hinni fyrri gerð. „Við tókum litla íbúð sem var undir útbyggingunni þar sem vinnustofa Ingunnar var á sínum tíma auk þess að taka hluta af stórum bílskúr og útbúa starfs- og gístaðstöðu fyrir fólk sem hefur áhuga á koma og vinna að hugðarefnum sínum,“ segir Valgeir.

Þegar tíðindamann þar að garði tók ungt listafólk á móti honum – fólk sem dvelur um þessar mundir í þeirri aðstöðu sem Sigríður Sunna og Valgeir hafa skapað djúpt inn í friðsæld og gróðurriki Seljanna.

Á efri hæð útbyggingarinnar hefur verið komið fyrir fullkomnu upptökustúdíói fyrir hljóðverið Gróðurhúsið. „Við erum búin að breyta þessum hluta húsnæðisins talsvert og laga hann að þeirri starfsemi sem nú fer fram. Við viljum stækka glugga og auka birtu og loftgæði í upptökustúdíóinu. Stúdíó af þessari gerð eru oft dimm og stundum loftþung,“ segir Valgeir og bendir á að þau séu oft í miklu þéttbýli stórborga þar sem einangra verði stórborgarniðinn algerlega frá því verið sem er að gera innan dyra. Bedroom Community er plötuútgáfa sem hefur miðstöð sína í hljóðverinu, en teygir anga sína um víða veröld þar sem meðlimir útgáfunnar koma víða að.

Á meðal viðburða á Breiðholt Festeval 2016

Hljóðinnsetning í Ölduselslaug þar sem gestir geta flotið um laugina og hlustað á tónlist ofan í vatninu.

Stofutónleikar í hljóðveri Gróðurhússins. Í ár koma meðal annars fram Daníel Bjarnason og Hermigervill.

Í Vinnustofa Hallsteins Sigurðssonar munu ýmsir viðburðir fara fram innan um formfagra skúlptúra.

Tónlistarkonan Jófríður Ákadóttir mun koma fram með hljómsveitinni Pascal Pinion og sólóverkefni sitt JFRDR.

Fjölbreyttur varningur og matur úr ýmsum heimshornum verður á boðstólum á útimarkaði Breiðholt Festival.

Myndlistarsmiðjur verða í boði fyrir fjölskyldumeðlimi á öllum aldri.

Verðum í kringum Vogaselið og Alaskadalinn

Breiðholt Festival er einkum spröttið upp úr starfsemi Gróðurhússins og Bedroom Community og frjóum hugmyndaheimi þeirra Sigríðar, Valgeirs og Megan. Dagskrá hátíðarinnar á síðasta ári var bæði óvenjuleg og fjölbreytt og vakti verulega athygli en hvað ætla þau að bjóða upp á að þessu sinni. „Við verðum líkt og á síðasta ári á svæðinu í kringum Alaskadalinn sem margir þekkja frá þeim tíma að Gróðrarstöðin Alaska var þar í námunda við bæjarstæði gamla Breiðholts sem byggðin hér heitir eftir. Viðburðir fara fram á nokkuð afmörkuðu svæði þar sem hægt verður að rölta á milli og tekur varla meira en fimm til tíu mínútur þannig að fólk geti kynnst og notið sem flestra dagskrárlíða sem verða í boði. Þeir fara meðal annars fram í Skúlptúrgarði Hallsteins Sigurðssonar við Ystasel, Ölduselslaug, og í Gróðurhúsinu hljóðveri í Vogaseli svo nokkurs sé getið og það má einnig geta þess að bílastæði eru við ÍR heimilið og einnig við Ölduselsskóla“ segir Sigríður Sunna. Valgeir bendir einnig á að á hátíðinni verði sjónum beint að þeirri listsköpun og menningarlífi sem fer fram í Breiðholti, með þátttöku listamanna úr ýmsum listgreinum sem tengjast hverfinu á einn eða annan hátt.



Tónleikar í hljóðstúdíói.

Hver eru Valgeir, Sigríður Sunna og Megan

Valgeir Sigurðsson er tónsmiður og upptökustjóri. Hann stofnaði hljómplötuútgáfuna Bedroom Community árið 2006 og hefur einnig starfrækt hljóðverið Gróðurhúsið í Breiðholti frá árinu 1997 þar sem hann hefur unnið með ýmsum virtum og framsæknum tónlistarmönnum. Meðal þeirra eru Will Oldham, Feist, Kronos Quartet, Coco Rosie, Ane Brun og Camille. Auk þess að starfa sem upptökustjóri hefur Valgeir samið eigin tónlist sem og verk fyrir aðra flytjendur, leikhús, sjónvarp og dansverk. Valgeir Sigurðsson er fæddur árið 1971. Hann lagði stund á klassískt gítarnám við Tónskóla Sigur Sveins í Reykjavík og hélt síðan til náms í upptökutækni í School of Audio Engineering í London, en þaðan útskrifaðist hann með „Tonmeister“ gráðu árið 1990. Valgeir hefur síðan starfað sem upptökustjóri, tónskáld og tónlistarmaður auk þess að starfrækja hljóðverið Gróðurhúsið og útgáfuna og félagsskapinn Bedroom Community sem hann stofnaði árið 2006. Hann hefur þar verið náinn samstarfsmaður tónlistarmanna á borð við Nico Muhly, Ben Frost, Daníel Bjarnason og Sam Amidon. Valgeir starfaði með Björk um árabil og hefur að auki komið að hljómplötum með fjölda innlendra og erlendra listamanna, má þar nefna Bonny ‘Prince’ Billy, Feist, Camille, Coco Rosie, Tim Hecker, Damon Albarn, Kronos Quartet, Hauschka og Hilary Hahn.

Sigríður Sunna er brúðleikhús- og sviðslistamaður en einnig lærður pianóleikari. Hún útskrifaðist vorið 2012 með BATP gráðu frá



Stofnendur og stjórnendur Breiðholt Festival Sigríður Sunna Reynisdóttir og Valgeir Sigurðsson.

Royal Central School of Speech and Drama, þar sem hún lærði leikbrúðulist og sviðslistir. Áður nam hún almennar bókmenntir og leikhúsfraði við Háskóla Íslands og Universitá Karlová og stundaði klassískt pianónám við Tónlistarskóla Kópavogs. Hún er listrænn stjórnandi leikhópsins VaVaVoom sem hún stofnaði í félagi við Söru Martí, en bækistöðvar hópsins hafa verið til húsa í Vogaseli frá 2012. VaVaVoom hefur framleitt sýningarnar Hands Up! (2011) sem hlaut Tallinn Treff Festival verðlaunin, Nýjustu fréttir (2012) sem hlaut tilnefningu fyrir Sprota ársins og Tónlist ársins á Grímunninni 2012 og nú síðast WIDE SLUMBER sem var frumsýnd á Listahátíð í Reykjavík í lok maí 2014. Sunna var einnig listrænn stjórnandi alþjóðlegu brúðleikhúshátíðarinnar B I P Festival árið 2011 og hefur fjöl-

breytta reynslu af störfum sem framleiðandi, verkefnisstjóri og kynningarfulltrúi.

Megan Horan er frá Wales og hefur búið og starfað í Ástralíu. Hún hefur mikla reynslu af skipulagningu hátíða og viðburða af þessari stærðargráðu. Síðastliðið sumar var hún einn af aðalskipuleggendum þriggja hátíða vítt og breitt um landið; LungA á Seyðisfirði, Innipúkinn í Reykjavík og Rauðasandur Festival á Vestfjörðum en hún hefur unnið við hátíðirnar síðustu árin. Megan hafði yfirumsjón með öllum viðburðum Bedroom Community hópsins á Iceland Airways hátíðinni 2013, en hún hefur starfað sem framkvæmdastjóri útgáfunnar síðustu tvö ár. Þá má geta þess að Megan var verkefnastjóri fyrir MTV í Ástralíu 2007 til 2009. Saman hafa þau þrjú skipulagt Breiðholt Festival.



Lúðrasveit leikur á göngu á Breiðholt Festival á liðnu ári.

Hvað er að gerast á Breiðholt Festival

Margra áhugaverðra viðburða mun gæta á Breiðholt Festival en eins og gefur að skilja var ekki búið að ganga frá öllum endum þegar Breiðholtsblaðið fór í prentun. Af atburðum sem má nefna er Aqua-zumba fyrir alla fjölskylduna, myndlistarsmiðjur, matarmarkaðir, stofutónleikar og myndlistarsýningar.

Af sérstökum viðburðum sem verða í boði má m.a. geta um hljóðinnsetningu Paul Corley í Ölduselslaug, píanótónleika með Daníel Bjarnasyni, myndlistarsýningu á teikningum Lóu Hjalmtýsdóttur og Höllu Birgisdóttur úr Breiðholti, stofutónleika með Pascal Pinon, ljósmyndasýningu Ragnheiðar Hörpu Leifsdóttur í Ölduselslaug, tónleika með Hermigervli auk þess sem kórarnir Kórus og Gerðubergskórinn syngja.

Hátíðin er framleidd af Bedroom Community útgáfunni í nánú samstarfi við þjónustumiðstöð Breiðholts og Hverfismiðstöð Breiðholts.

Hátíðarteymið er skipað eftirfarandi aðilum. Listrænar stjórnendur eru Sigríður Sunna Reynisdóttir og Valgeir Sigurðsson. Framkvæmdarstjóri er Megan Horan.

Tæknistjóri er Paul Evans, grafíska hönnun annast Bobby Breiðholt og viðburðarstjóri er Selma Reynisdóttir.

Hægt er að fylgjast með nýjustu fréttum af hátíðinni á Facebook síðunni www.facebook.com/breidholt.festival og á vefsíðunni www.breidholtfestival.com



S. Björn Blöndal formaður borgarráðs setur Breiðholt Festival á liðnu ári. Með honum er Nichole Ligt Mosty formaður Hverfisráðs Breiðholts.



Hljóðinnsetning í Ölduselslaug.



Ert þú í söluhugleiðingum?

Við erum til þjónustu reiðubúin -örugg fasteignaviðskipti



Heiðrún Björk Gísladóttir hdl. Löggiltur fasteigna- og skipasali



Björn Þorri Víktorsson hrl. Löggiltur fasteigna- og skipasali



Jóhann Örn S. Benediktsson Skrifstofustjóri

Miðborg fasteignasala • Sundagarðar 2 • 104 Reykjavík • Sími 533 4800 www.midborg.is



Eitt kort
35 vötn
6.900 kr

Frelsi til að veiða!



www.veidikortid.is

ÚTSALA - ÚTSALA

Sumarútsalan í fullum gangi mikið úrval af flottum sumarfatnaði á frábæru verði. Sjón er sögu ríkari.

Verið velkomin



Mjódd - S. 557 5900

www.facebook.com/breidholt.festival

www.breidholtfestival.com

Kassabílarally í Breiðholtinu

Kassabílarally var haldið í frístundaheimilinu Álfeimum í Hólhverfi föstudaginn 1. júlí. Fimm bílar voru skráðir til leiks en börnin sem eru á sumarnámskeiði í Álfeimum sáu jafnframt um að smíða bílana. Eins og sjá má á meðfylgjandi myndum var mikill keppnisandi í bílstjórunum sem stóðu sig prýðilega.

Áhugavert var einnig að sjá þegar starfsmenn tóku þátt í rallyinu og var mikil barátta þar. Eins og í sannri keppni var viðgerðarlið tilbúið að laga þegar þurfti en einn bíllinn affelgaði og þurfti að skipta um dekk í hvelli. Skólalóð Hólabrekkuskóla er fyrirmyndar keppnisvöllur fyrir kassabílarally og vonandi verður hægt að halda góða keppni í þessari skemmtilegu grein aftur.

Sveinn Hjörtur Guðfinnsson tók myndirnar.



Árviss forn bíladagur í Árbæjarsafni

Boðið var upp á hina árvissu og vinsælu forn bílasýningu á Árbæjarsafni 3. júlí sl. en þá sýnir Fornbílaklúbbur Íslands ýmsa merka bíla sem eru í eigu félagsmanna.

Heimsókn á Árbæjarsafni gefur fólki kost á að upplifa ferðalag aftur í tímann og á forn bíladeginum mátti sem jafnan sjá marga glæsifarkosti fyrri tíðar. Þrátt fyrir alla hönnun og þróun sem orðið hefur í framleiðslu bíla á liðinni öld og það sem af er þessari þá halda þessir fornu fákar persónuleika sínum en á þessum tíma var oft lögð meiri áhersla á útlitið en ef til vill innihaldið. Einkum eru það bílar fyrri tíðar frá Bandaríkjunum sem glansa af glæsileika og vekja jafnan forvitni hvar sem þeir fara.



Ford Fairlane árgerð 1955 þótti tímamótabíll.



Gömlu bílarnir vekja jafnan athygli ungra sem aldinna.



Tíu árum síðar hafði nokkur breyting orðið en Ford Fairlane 1965 var einnig tímamótabíll.

Opið alla daga
frá kl. 11 til 23.

Kebab eXpress



Lóuhólar 4, nálægt Dominospizza

Sími: 557 1414

Coca-Cola



Pangbakka 10 (MJÓDD) • Sími: 557-2053



FASTEIGNASALA REYKJAVÍKUR
SKEIFUNNI 17

**FRÍTT
VERÐMAT**
ENGAR SKULDBINDINGAR

HRINGDU NÚNA
820 8081



Brynjólfur Þorkellsson
Sölufulltrúi

Sylvía G. Walthersdóttir
Löggiltur fasteignasali

Salvör Davíðsdóttir
Nemi til löggildingar fasteignasala

Sjöfn Ólafsdóttir
Skrifstofa

www.fr.is
sylvia@fr.is

Breiðholtið er 50 ára

Byggingarsaga þess er einstök

Breiðholtið er hálfra aldar gamalt. Fyrir um 50 árum fóru fyrstu húsin að rísa í Neðra Breiðholti – fyrst í Stekkum og skömmu síðar í Bökkunum. Þá lágu tveir niðurgrafnir malarslóðar upp í Breiðholtið. Við þann austari var skilti sem á stóð Stekkur. Við hinn var merkið Bakkar. Aðdragandinn að byggingu Breiðholtsins var ekki langur en sérstæður í meira lagi ef miðað er við þá þróun sem uppbygging og vöxtur Reykjavíkur hafði farið eftir. Að baki ákvörðunum um byggingu Breiðholtsins lágu mjög pólitískar ákvarðanir og ekki síður voru stigin skref á milli andstæðra stjórnmálafylkinga að tjaldabaki.

Upphafið að byggingu Breiðholtsins liggur í svonefndi júnísamkomulagi sem gert var á milli verkálýðshreyfingarinnar og atvinnurekenda snemmsumars árið 1964. Samkomulagið fólst í að gerðar voru margvíslegar félagslegar umbætur í stað beinna launahækkana og mótaði þetta samkomulag ákveðin tímamót í samskiptum þessara hreyfinga sem oft höfðu verið erfið til þessa tíma. Þessi aðferðafræði var að nokkru sótt til Norðurlandanna þar sem stjórnvöld höfðu unnið að því að koma á sögulegum sáttum til þess að tryggja vinnufrið en fá einnig frjálsari hendur við uppbyggingu velferðarkerfis þar á meðal félagslegs húsnæðiskerfis.

Finnbogi Rútur, Guðmundur Joð, Jóhannes Nordal, Styrmir og Bjarni Ben

Ári síðar 1965 var farið að láta reyna á stöðir þessa samkomulags. Þessu er nokkuð lýst í ævisögu Guðmundar J. Guðmundssonar sem þá var varaformaður Verkamannafélagsins Dagsbrúnar í Reykjavík. Guðmundur J. lýsir í bókinni hvernig Finnbogi Rútur Valdimarsson bæjarstjóri í Kópavogi og bróðir Hannibals Valdimarssonar sem þá var forseti Alþýðusambands Íslands lagði fyrstur manna fram hugmyndir um byggingu stórs íbúðahverfis utan hinnar eiginlegu byggðar í Reykjavík sem framlag til lausnar erfiðri kjaradeilu. Kveður Guðmundur J. Finnboga Rútur hafa rætt þetta ýtarlega við sig og í framhaldi af því hafi þeir sett sig í samband við Jóhannes Nordal sem þá gegndi stöðu seðlabankastjóra og reynt að fá hann til liðs við þessar hugmyndir. Á þessum tíma var ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks – viðreisnarstjórnin við völd og hafði verkálýðshreyfinguna að miklu leyti gegn sér þar sem hún laut forystu Alþýðubandalagsins sem var í stjórnarandstöðu. Samkvæmt frásögu Guðmundar J. bárust fregnir af þessum hugmyndum eftir krókaleiðum til Bjarna Benediktssonar þáverandi forsætisráðherra. Taldi Guðmundur J. að Finnbogi Rútur hafi fengið tengdason sinn Styrmi Gunnarsson ritstjóra Morgunblaðsins til þess að fara á fund Bjarna en Styrmir var innanbúðarmaður í Sjálfstæðisflokknum. Hvað sem því líður boðaði Bjarni Guðmund J. til sín í stjórnarráðið til viðræðu um málið.

Jarðýtur á þessi ömurlegu hreysi

Þessar þeytingar leiddu af sér

viðræður verkálýðsforystunnar, atvinnurekenda og ríkisstjórnarinnar og var sérstök yfirlýsing Viðreisnarstjórnarinnar um aðgerðir í húsnæðismálum láglaunafólks, sem gefin var út í júlímánuði 1965. Hún fól í sér að byggja 250 íbúðir á ári á næstu fimm árum samtals 1250 íbúðir. Sérstakri nefnd var komið á fót vegna framkvæmdanna sem var kölluð Framkvæmdanefnd byggingaráætlunar. Það tókst að ná þessu 1250 takmarki þótt það tæki aðeins lengri tíma en alls urðu íbúðir í Breiðholti öllu um 7600, þannig að sá hluti sem Framkvæmdanefndin stóð fyrir að byggja er býsna stór hluti alls hverfisins. Guðmundur J. lýsir þessu svo í ævisögu sinni að með þessum byggingum hafi Höfðaborgin verið rífin en hún var heilsuspillandi húsapýrping þar sem Borgartúnið er nú auk þess sem bröggunum og skúra- og saggadraslinu var útrýmt. Það voru einfaldlega settar jarðýtur á þessi ömurlegu hreysi og húsaleiga í Reykjavík stórlækkaði. Ekki var að spyrja að orðfæri verkálýðsforingjans en nauðsynlegt er að hafa í huga fyrir hvaða húsnæði Breiðholtsblokkirnar komu í staðinn fyrir og hvaða efnahagsforsendur lágu að baki því að unnt var fyrir nær hálfri öld að ráðast í stærra íbúðabyggingaráttak en sést hefur fyrir eða síðar á Íslandi. Fyrsti hluti Breiðholtsins eða Neðra - Breiðholt reis milli ára 1966 og 1973 síðari hverfið frá því um 1970 til 1985. Breiðholt var og er en fjölmennasta svæði í Reykjavík. Það bjuggu rúmlega 22 þúsund íbúar íbúa þegar flest var og búa þar yfir 20 þúsund manns í dag. Enn er byggingarsaga þessa borgarhluta sem er einkonar bær í borginni einstök



Breiðholtskjör var ein fyrsta verslunin í hinu nýja Breiðholti. Þannig var umhorfs við Arnarbakkann undir lok sjöunda áratugarins.

í sögu byggða á Íslandi. Nú eru malarslóðarnir löngu horfnir og Breiðholtið orðið með grónustu byggðum hér á landi.



Timburhúshverfi var reist í Fellunum örskammt frá stórhýsunum. Af hverju skyldi það hafa verið gert. Þessi hús voru flutt hingað til lands frá Norðurlöndunum vegna eldgossins í Vestmannaeyjum í janúar 1973 þegar á einni nóttu þurfti að hýsa flesta íbúa eyjanna upp á landi. Og þá þurfti að finna þeim stað og nýja byggðin var tilvalin.



Eins og titt er um nýjar byggðir var engin kirkja í Breiðholti um fyrstu. Breiðholtskirkja í Mjóddinni var byggð fyrst þriggja kirkna og þótti mjög nýstárleg. Hún var stundum kölluð Indíánatjaldið vegna byggingarlagsins á árdögum Breiðholtsins.



Ungir menn við byggingavinnu í Breiðholti í kringum 1970.



Stórhýsi einkenndu hluta Efra Breiðholtsins og hafa slík hús ekki risið hér á landi – hvorki fyrir eða síðar.

TVÆR TÖSKUR TIL N-AMERÍKU

FLJÚGÐU VEL

MEÐ ICELANDAIR

*Alltaf innifalið: Frjálst sætaval við bókun | Afþreyingarkerfi 350 klst. | 10 kg handfarangur
Meira pláss milli sæta | Ein ferðataska allt að 23 kg til Evrópu og tvær töskur til N-Ameríku
Matur fyrir börnin | Óáfengir drykkir og dagblöð | Vildarpunktur | Flug- og flugvallarskattar*



Getraunarnr. 111

www.leiknir.com

Leiknir var stofnað 1973



Austurbergi 1, Efra Breiðholti

Mót, mót, mót og aftur mót hjá yngri flokkum Leiknis

Á þessum árstíma er mikið um mót hjá yngri flokkum Leiknis. Íslandsmót er í fullum gangi með tilheyrandi ferðalögum út fyrir borgarmörkin og er gengi flokkanna með ágætum. 3., 4. og 5. flokkur spila í Íslandsmóti og má nefna að A lið 3. og 4. flokks karla eru í toppbaráttu í sínum riðlum.

N1 mót var haldið á Akureyri í byrjun júlí og þar tóku fjögur lið 5. flokks karla þátt. Eins og gengur skiptust á skín og skúrir í veðri og úrslitum leikja en aðalatriðið á mótum sem þessum er að sjálfsgöðu skemmtun og liðsheild og er ekki hægt að segja annað en að dreingirnir hafi staðið sig vel.

5., 6. og 7. flokkur stúlkna hefur nýlengi þátttöku í Síamótinu og var það vel heppnað og skemmtilegt fjögurra daga mót sem haldið var í Kópavogi. Síðast liðinn laugardag héldu svo 45 iðkendir 3. og 4. flokks af stað til Gautaborgar ásamt þjálfurum og fararstjórum. Í Gautaborg er stærsta fótboltafót mót yngri flokka á heimsvísu, Gothia Cup. Þar taka 1600 lið þátt frá 80 löndum. Leiknir teflir fram fjórum liðum á mótinu en því lýkur laugardaginn 23. júlí. Verður gaman að fylgjast með en á heimasíðu mótsins gothiacup.se er hægt að sjá leiki í beinni útsendingu.



Þriðji og fjórði flokkur Leiknis á leið til Svíþjóðar til að taka þátt í Gothia Cup 2016. Ansi stór hópur sem félagið er stolt af.



Frá Síamóti.



Á N1 mótinu hefst hver leikur með kveðju.

Haraldur A. Haraldsson
Löggiltur fasteignasali

GSM: 778-7500

haraldur@allfasteignir.is

Velkominn í þjónustu hjá mér.



Þessi mynd lýsir vel stemningunni í 4. flokki karla. Þar er lögð áhersla á græna spjaldið sem er gefið fyrir góða framkomu. Flokkurinn fór á Snæfellsnes og er myndin tekin á leiðinni þangað.



Eitt liða 5. flokks sem tók þátt í N1 mótinu. Flottir strákar á ferð.

Graenir 
SKÁTAR
– við elskum dósir!

Söfnunarkassar í þínu hverfi eru m.a. við:
Arnarbakka • Austurberg • Seljaskóla

Einkarekið apótek
Lágt lyfjaverð - góð þjónusta



GARÐS
APÓTEK
- rétt leið

Sogavegi við Réttarholtsveg
Opíð kl. 9-18 virka daga • Sími 5680990 • www.gardsapotek.is



www.leiknir.com

ÍR á toppnum í 2. deildinni

ÍR eru á toppi annar deildar karla í knattspyrnu eftir fyrir umferðina með 25 stig eftir 11 leiki.

ÍR-ingar unnu síðast Aftur-eldingu 0-2 í Mosfellsbænum nýlega og juku forskot sitt á toppi deildarinnar.

Björn Anton Guðmundsson og Jón Gísli Ström skoruðu mörk ÍR í leiknum.

ÍR-ingar stefna að koma upp í 1. deildinni og spila í henni að ári og er stað liðsins vænlega þegar mótið er hálfnað.

Meistaraflokkur kvenna í knattspyrnu er í efsta sæti 1. deildar í A-riðli með 22 stig eftir 8 leiki og unnu þær síðast Víkinga frá Ólafsvík á ÍR-vellinum 2-0.



Meistaraflokkur karla í ÍR í knattspyrnu.

Aníta og Guðni á EM í Amsterdam

Aníta Hinriksdóttir og Guðni Valur Guðnason bæði í ÍR voru meðal keppenda EM í frjálsum en fimm íslenskir keppendur náðu lágmarki á mótið. Þetta er fyrsta stórmót Guðna Vals og stóð hann sig vel þrátt fyrir að komast ekki í úrslit kringlukastsins. Hann varð 11. í sínum kashópi, kastaði 61,20m og getur verið mjög sáttur við sinn árangur. Mótið var liður í undirbúningi Guðna Vals fyrir hans fyrstu Ólympíuleika en Guðni keppir fyrir hönd Íslands í Ríó í næsta mánuði.

Aníta hljóp sig alla leið í úrslit 800m hlaupsins. Hún var með 4. besta tímum út úr undanrásunum, hljóp þar létt og vel útfært á 2:02,44 mín. Í undanúrslitahlaupinu hljóp hún gríðarlega vel, barðist vel alla leið og kom 4. í mark í sínum riðli á 2:01.41 mín en sá tími var 4. best inn í úrslitin. Í úrslitunum hafnaði hún í 8. sæti og lagði allt í sölnar. Fyrri hringurinn var mjög hraður og mun hraðar en Aníta hefur verið að hlaupa á undanfarið en hún fylgdi hópnum og allt þar til um 650m voru eftir en þá fór hún aðeins að missa af hinum keppendum og jókst



Aníta Hinriksdóttir.

það bil síðustu 100m en hún kom í mark í 8. sæti á 2:02,55 mín. Hlaupið vannst á 1:59,70 mín en besti tími Anítu til þessa hefði nægt í 4.-5. sætið, hún hefði því

þurft að bæta Íslandsmet sitt til að komast á pallinn. Frábær árangur hjá Anítu sem er bara tvítug og undirbýr sig nú af kappi fyrir Ólympíuleikana í Ríó.

Thelma Lind og Tristan með lágmark á HM U20

Þau Thelma Lind Kristjánsdóttir og Tristan Freyr Jónsson bæði í ÍR náðu lágmarkum á HMU20 sem fram fer í Bydgoszcz í Póllandi 19. til 24. júlí.

Thelma Lind í kringlukasti og Tristan Freyr í tugþraut og 110m grindahlaupi. Þórdís Eva Steinsdóttir FH náði einnig lágmarki í 400m en hún stóð sig mjög vel á EM 16-17 ára sem fram fór nokkrum dögum áður. Þráinn Hafsteinsson

yfirþjálfari hjá ÍR fer með keppendum til Póllands en hann er þjálfari Tristans og mjög reynslumikill sem keppandi og þjálfari. Gaman er að segja frá því að á árið 1988 var móðir Þórdísar, Súsanna Helgadóttir langstökkvari og spretthlaupari og faðir Tristans, Jón Arnar Magnússon tugþrautarkappi meðal keppenda á HM unglunga. Eplíð fellur greinilega ekki langt frá eikinni.

Frábær árangur og met í Gautaborg

ÍR átti hátt í 50 keppendum á Gautaborgarleikunum í frjálsíþróttum sem fóru fram í byrjun júlí en leikarnir eru gríðarstórt alþjóðlegt frjálsíþróttamót sem haldið er á Ullevi leikvanginum með um 3500 keppendum frá yfir 20 þjóðlöndum.

ÍR hópurinn var til fyrirmyndar í alla staði og setti í ofanálág á annað hundrað persónulegra

meta, fjórtán einstaklingar náðu að verða meðal 10 bestu í sinni keppnisgrein og tveir komust á verðlaunapall. Hæst bar frábær árangur Guðbjargar Jónu Bjarnadóttur sem setti Íslandsmet í kvennaflokki í bæði 80m hlaupi þegar hún hljóp á 10.08 sek og í 300m hlaupi en þar varð tíminn hennar 37.98 sek. Guðbjörg keppir í flokki 15 ára stúlkna.




Fréttir

Íþróttafélag Reykjavíkur
Skógarseli 12 • Sími 587 7080
Tölvupóstur: ir@ir.is
Heimasíða: ir.is

Arna Stefania hljóp vel Evrópumótinu

Arna Stefania Guðmundsdóttir hljóp vel í undanúrslitum á EM í 400m grindahlaupi en hún kom áttunda í mark örstutt frá sínum besta árangri sem hún náði í deginum áður og sýnir það styrk hennar að geta hlaupið svo hratt tvo daga í röð.

Hún varð 18. af 24 keppendum nú en hún hefði þurft að hlaupa á 56,05 sek og ÓL lágmarki til að komast í úrslitahlaupið. Norsk stúlkun setti norskt met og tvær stúlkur bættu sinn besta árangur í hlaupinu.



Arna Stefania Guðmundsdóttir frjálsíþróttakona úr ÍR.

Andrea keppti í Tbilisi í Georgíu

Andrea keppti á EM 16 til 17 ára sem fram fór í Tbilisi í Georgíu, þar kepptu tvö önnur íslensk ungmenni, Þórdís Eva Steinsdóttir FH í 400m og Mímir Sigurðsson FH í kringlukasti. Andrea keppti í 2000m hindrunarhlaupi og var þar meðal 30 annarra stúlkna sem háðu harða baráttu um sæti í úrslitunum.

Heitt var í hlaupinu og hafði það töluverð áhrif á Andreu enda ekki von svo miklum hita. Hún hafnaði í 10. sæti í sínum riðli og í 22. sæti yfir heildina, til að komast áfram í úrslitahlaupið hefði hún þurft að hlaupa á 6:59,24 mín sem er um 6 sek frá hennar besta en hún á framtíðina fyrir sér hefur ekkert æft þessa grein, aðeins keppt í henni sárásjaldan. Þessa má geta að Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir sem er aðeins 15 ára hefur hlaupið á tíma í 400m



Andrea Kolbeinsdóttir úr ÍR

hlaupi sem er undir lágmarki á mótið en sökum ungs aldurs fær hún ekki keppnisrétt fyrr en hún hefur náð 16 ára aldri. Glæsilegt hjá Andreu.



GETRAUNANÚMER

ÍR ER

109

HEIMASÍÐA ÍR www.ir.is

Pitt hverfi hefur hækkað einna mest síðastliðið ár.

LÁTTU OKKUR SELJA FYRIR ÞIG. *Heyrumst* 510 7900

LIND
FASTEIGNASALA
Hlíðasmári 6 / 201 Kópavogur / www.FASTLIND.is

Galopið í Gerðubergi



„Já – það er galopið hjá okkur hér í Gerðubergi og líka í Árskógum,“ segir Elísabet Karlsdóttir forstöðumaður félagsstarfsins í Breiðholti – í Gerðubergi og í Árskógum. Það er liðin tíð að öllu sé lokað í júlí eins og var fyrr ár árum. Eldra fólkinu finnst gott að geta komið og tekið þátt í einhverju starfi og ekki síður að fá sér kaffisopa og spjalla eins og að er vant.“

Elísabet segir að margt af eldra fólkinu sé ekki að fara í löng frí. „Það er bara heima hjá sér mestallan sumarleyfistímann og vill gjarnan hafa eitthvað fyrir stafni. Þrjónakaffið er alltaf vinsælt og margar konur eru að koma til okkar í það nú yfir sumarið og félagsvistin er einnig alltaf vinsæl. Auðvitað er minna um að vera og færra í boði í júlí en á öðrum tímum en júlíopnunin hefur reynst mjög vel.“ Á undanförunum árum hefur fólki boðist að koma sér upp litlum gróðurreitum baka til á lóð Gerðubergs og rækta matjurtir. „Í vor settum við upp fleiri ræktunarkassa vegna óska frá fólki og miðað við eftirspurnina má gera ráð fyrir að þeim verið fjölgað í framtíðinni.“

Hrafnhildur Inga sýnir veðurfarsmálverk



Hrafnhildur Inga Sigurðardóttir sýnir málverk í Gerðubergi og yfirskrift sýningar hennar er Austan rumba.

Myndirnar eru langflestar málaðar á þessu ári, en fáeinar eru eldri. Hrafnhildur Inga malar myndir sem lýsa skýjafari, veðurfari og sjólagi. Hún ermikið náttúrubarn og sækir myndefnið oft á sínar heimaslóðir í Fljótshlíðinni þar sem hún horfir eftir endilangri suðurströndinni þar sem skýin hrannast upp og velta sér eftir sjóndeildarhringnum og eru aldrei andartak eins. Oft er sem himinn og jörð renni saman og lokast yfir höfði manns. Þá birtist sólin augnablik, andartaks ljósbrót. Það er meðal annars það sem hún fangar í myndum sínum.

PIZZUVEISLA!

Kauptu 5 pizzur að eigin vali en borgaðu fyrir 4.
Gildir um allar pizzur



399 kr. stk.
THIN & CRISPY OG DEEP PAN PIZZUR

599 kr. stk.
ICELAND STONE BAKED

799 kr. stk.
ICELAND STUFFED CRUST

599 kr. stk.
ICELAND WOOD FIRED

399 kr. Pk.
Verð frá CHICAGO TOWN PIZZUR 2 Í PAKKA

899 kr. stk.
CHICAGO TOWN TAKEAWAY PIZZUR

54 Fyrir af öllum pizzum

Úrval er breytilegt eftir verslunum. Allar vörurnar fást í Iceland, Engihjalla.



OPID ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

Iceland